



Deildarfundur á Sauðárkrókur

Sauðárkrókur, 13.11.2018

Mættir: Fjórir félagsmenn mættir ásamt formanni, framkvæmdastjóra LSS og Gunnar M. Baldurssyni fulltrúa laganeftndar (sjá undirskriftalista). Tveir þurftu frá að hverfa vegna útkalls.

1. Formaður LSS setur áttunda fund hringferðar stjórnar kl. 20:00. Formaður reifar tilgang ferðarinnar og fór yfir dagskrána.
2. **Kynning LSS.** Hermann fjallar um LSS, kynrir sig fór yfir starfsemi og sjóði félagsins.
3. **Nefnd um jöfnun atkvæðavægis.** Fulltrúi vinnuhóps um atkvæðavægi, fór yfir tilurð þessarar nefndar og og kynnti niðurstöður hennar. Umræður: Almenn skoðun að góð vinna hefði átt sér stað.

4. Komandi kjaramál. Formaður LSS útskýrir hvernig við höfum verið að vinna kjaramálin. Erum með ráðgjafa í kjaramálum, nýtum okkur þjónustu BSRB í enn meiri mæli og eigum nú fulltrúa í réttindaneftnd BSRB. Fór yfir áherslur BSRB. Helstu áherslur eru launahækkningar í krónutölum, styttingu vinnuviku vaktavinnufólks, snemmtöku lífeyris vaktavinnufólks, jöfnun launa á milli almenna og opinbera markaðsins, og launaþróunartryggingar. Varðandi launaliðinn þá bíðum við eftir niðurstöðum VR og Eflingu.

- Tryggingakaflinn verður endurskoðaður, vilji til að setja hann inn í kjarasamninginn, skoðað verður sérstaklega að reyna útvíkka trygginguna vegna aukinnar tíðni krabbameina. Við viljum fá krabbamein viðurkennt sem atvinnusjúk.
- Vaktavinnukaflinn í kjarasamningnum er óskýr. Upplýst um að óreglulegar vaktir og vaktalagði sé á leiðinni fyrir Félagsdóm.
- Prekpróf þarf að útfæra betur. Rekstraraðilar hafa svigrúm til að útfæra prófið sjálf en þurfa samþykki Mannvirkjastofnunar. Varpað var upp hugmyndinni hvort þetta ætti heima í kjarasamningi. Tryggja þarf að þrekálag haldist inni.
- Orlofstímabil. Áköllun eftir því að tímabilin verði endurskoðuð. Það að skoða útfærsluna með starfstöðvunum. Þarf að gera minni kröfur yfir orlofstímann eða koma upp ásættanlegu fyrirkomulagi fyrir alla.
- Laun stjórnenda. Almenn skoðun að bilið er of lítið. Laga þyrfti launabilið á milli stjórnenda og almennra starfsmanna. Hugsanlega væri hægt að gera það í gegnum lagfæringar á tengitöflu.



- Laun hlutastarfandi. Sama vinna – sömu laun. Hlutastarfandi náðu ekki viðunandi árangri í síðustu samningnum. Hlutastarfandi samningar sjúkraflutningamanna 2016 þarf að laga. Það þarf að bæta laun þeirra meira í næstu kjarasamningum og leiðréttta skekkjuna sem myndaðist þá. Taka þarf ríkissamninginn og jafna við hlutastarfandi samninginn.
- Bakvaktir hlutastarfandi slökkviliðsmanna. Skoða þarf bakvaktarkafli kjarasamninga ríkis og sveitarfélaga til endurskoðunar. Sérstaklega þarf að skoða nýútgefna reglugerð um starfsemi slökkviliða þar sem tekið er fram að slökkviliðsmönnum sé skylt að mæta í útköll samkvæmt ákveðnu skipulagi.

Óskað er eftir því að deildin haldi kröfufund og listi upp þær áherslur sem þau vilja sjá í næstu kjarasamningnum.

Önnur mál.

1. **Endurtekin útköll** Mál í vinnslu innan LSS. Niðurstöður eftir umræður var sú að deildin ætlar að afla gagna fyrir kröfugerð. Skrifstofan ætlar að kanna greiðslur á bak við hvert útkall. Grindavík og Siglufjörður eru með þetta fyrirkomulag.
2. **Stimpillukka.** Fyrirspurn kom um vinnutíma eftir mínútum. Hefðin var sú að greiða heilu og hálfu tímana. Vinnuveitandi er í rétti að greiða fyrir hverja mínútu skv. vinnustund. Aftur á móti á að bæta við óteknnum matar- og kaffitímum séu þeir ekki nýttir.
3. **Álagsgreiðslur á hverja unna vinnustund.** Tímavinumenn eiga ekki rétt á aukagreiðslum á hverja unna klst vegna óreglulegs matar- og kaffitíma (12 mínúturnar). Það er verið að mismuna á milli aðila. Skoða þarf þetta í næstu kjarasamningum.
4. **Bakvakt/staðarvakt.** Umræður voru málið og mikilvægi þess að settir yrðu upp einhverjir mælikvarðar á landsvísu.
5. **Vinnufatnaður.** Fyrirspurn kom með vinnufatnað fyrir hlutastarfandi. Skylda hvílir á vinnuveitanda að útvega réttan persónufatnað miðað við aðstæður og þörfum. Eldgalli, undirfatnaður, hjálmar, skór peysur ofl. Þetta á að vera sameiginlegt mat á milli yfirmanns og starfsmanns. Þetta er skýrt varðandi slökkviliðið en gera þyrfti greiningu sjúkraflutningamegin.
6. **Bakvaktafrí.** Fyrirspurn kom með frítökurétt varðandi bakvaktir. Ef teknar eru fleiri en 1200 stundir í bakvakt ber vinnuveitanda að greiða fyrir það. Viðkomandi er hvattur til að hafa samband við skrifstofu því sambærilegt mál er í samstarfsnefnd. Ef ekki þá vitum við svarið þegar því máli er lokið.
7. **Hvöldartími.** Fyrirspurn um frítöku starfsmanna og 11 tíma hvíld. Skiptir ekki máli hvort viðkomandi sé hlutastarfandi eða ekki þá á viðkomandi að fá 11 tíma hvíld á vaktinni/eða milli vakta. Ef viðkomandi er í föstu starfi og nær ekki hvíldinni vegna vinnu um nótt ætti viðkomandi ekki að mæta í vinnu fyrr en eftir 11 tíma. Vinnuveitandi ætti í raun að biðja viðkomandi um að mæta fyrr (í draumaheimi). Ef ekki næst viðeigandi hvíld ber að borga fyrir hvíldina skv. kjarasamning. Frítökuréttur á ávallt að koma fram á launaseðli því það er skjalið sem heldur fyrir rétti.



- 8. Matar- og kaffitímar.** Fyrirspurn kom um ónýtta matar- og kaffitíma sem ekki næst að taka á vaktinni/útkalli. Því á að bæta á vinnutímann hvort um sé að ræða hlutastarfandi eða í fullu starfi.

Formaður þakkar fyrir góða áheyrn og málefnalegar umræður.

Fundi slitið kl. 22:10

Fundargerð ritaði framkvæmdastjóri LSS